

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 4. desember 2015  
UST201511-190/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Námur á Lyngdalsheiði. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða tvær námur sem nýttar voru m.a. við lagningu núverandi vegar um Lyngdalsheiði. Námurnar eru nr. 4 og 5 á Aðalskipulagi Laugarvatnshrepps. Náma 5 er við gamlan veg um Gjábakka, en náma 4. er á Laugarvatnsvöllum. Ráðgert er að taka 240.000 m<sup>3</sup> úr námu 4. og 20.000 m<sup>3</sup> úr námu 5.

Náma 5 er í lágum hrygg sem þegar hefur verið skertur við efnistöku. Umhverfisstofnun telur að unnt sé að taka þarna það magn sem ráðgert er án þess að ummerki verði áberandi auk þess sem auðvelt ætti að vera að ganga vel frá þessari námu að efnistöku lokinni.

Varðandi námu 4. telur Umhverfisstofnun að unnt ætti að vera að taka þarna umtalsvert magn af efni án þess að verulega neikvæð áhrif fylgi efnistökkunni, svo fremi sem efnistakan verði bundin við sléttuna þar sem efnistaka hefur farið fram til þessa.

Umhverfisstofnun telur að ef efnistaka færi upp í grónar aurkeilur og fjallshlíðar gæti efnistaka þar haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðra áhrifa á fallett landslag.


Umhverfisstofnun telur að grónar hlíðar henti illa til efnistöku sérstaklega ef ætlunin er að taka efni á löngum tíma þannig að sárum í hlíðum er sífellt viðhaldið og þau stækkuð með langvarandi efnistöku. Óljóst er hversu mikið efni er ráðgert að taka úr hlíðinni, hvernig hlíðin verði mótuð og hvar verði látið staðar numið í hlíðinni.


Bent skal á að þegar Vegagerðin tók efni úr námu í Reyðarbarmi vegna lagningar vegar um Lyngdalsheiði var efnistökusvæði hannað þannig að lögun hlíðarinnar var haldið og efnistakan fór fram í einum áfanga. Umhverfisstofnun telur ólíklegt að jafn vel hefði tekist til ef efnistaka úr Reyðarbarmi hefði verði með sama hætti og nú er ráðgert í námu 4.

Umhverfisstofnun hefur áður bent á svæðið á flatanum þar sem efni hefur áður verið tekið úr námu 4 henti að mörgu leyti vel til efnistöku því þarna sé hægt að taka mikið magn efnis án verulega neikvæðra

umhverfisáhrifa. Stofnunin telur hins vegar að ef efnistökkunni verði einni beint í grónar aurkeilur og hlíðar gæti efnistaka úr námu 4. í heild sinni haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri